

Bæjarráð Fjallabyggðar
Ráðhúsinu Siglufirði
580 Siglufjörður

Siglufirði 25.5.2020

Erindi: Styrkur til Þjóðlagaseturs sr. Bjarna Þorsteinssonar

Þjóðlagahátíðin á Siglufirði hefur verið haldin árlega frá árinu 2000. Ætlunin var að halda upp á 20 ára afmæli hátíðarinnar sumarið 2020, dagana 1. - 5. júlí. Stjórn Þjóðlagaseturs sr. Bjarna Þorsteinssonar fundaði á dögunum og komst að þeirri niðurstöðu að skynsamlegast væri að fresta hátíðinni um eitt ár vegna kórónaveikifaraldursins. Þjóðlagahátíðin verður því ekki haldin sumarið 2020. Í stað þess verða haldnir fernir tónleikar í Siglufjarðarkirkju sumarið 2020. Sótt hefur verið um styrk til Tónlistarsjóðs vegna þeirra.

Fjallabyggð samþykkti styrk til þjóðlagahátíðarinnar 2020 kr. 800.000 og kr. 800.000 til Þjóðlagaseturs. Hér með er þess farið á leit við bæjarráð Fjallabyggðar að umræddum styrk til Þjóðlagahátíðarinnar verði veitt til Þjóðlagasetursins vegna rekstrar þess árið 2020.

Styrkur frá Eyþingi til Þjóðlagaseturs árið 2019 var kr. 1.600.000. Í ár fékkst kr. 1.000.000. Viðbótarstyrkur frá Fjallabyggð er nauðsynlegur til að brúa þetta 600.000 króna bil svo setrið verði ekki rekið með halla árið 2020. Einnig ber að hafa í huga að 60% gesta Þjóðlagaseturs árið 2019 voru erlendir ferðamenn. Þeir verða miklu færri sumarið 2020 og því má gera ráð fyrir minni tekjum sumarið 2020. Sú staðreynd sýnir fram á enn ríkari þörf á að Fjallabyggð veiti Þjóðlagasetrinu þann styrk sem annars var ætlaður Þjóðlagahátíðinni sumarið 2020.

Með kveðju

Gunnsteinn Ólafsson
formaður Félags um
Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar